



Borgarráð

Bryggjuhverfi - lóðarvilyrði til Búseta.

Óskað er eftir því að borgarráð samþykki að veita Búseta húsnæðissamvinnufélagi kt. 5611840709, Síðumúla 10, 108 Reykjavík, vilyrði fyrir byggingarrétti á markaðsverði á um 35 íbúðum, með 15% vikiðum, í tveimur húsum á reit B í nýju hverfi í Bryggjuhverfi með því skilyrði að deiliskipulag fyrir lóðina verði samþykkt og að samkomulag takist milli Faxaflóahafna og Reykjavíkurborgar um kaup á landi Björgunar.

Greinargerð: Deiliskipulagsáætlun vegna nýs hverfis í bryggjuhverfi er nú í undirbúningi, sjá meðfylgjandi uppdrátt. Gert er ráð fyrir að Félagsbústaðir og Búseti skipti með sér byggingarréttinum en kveðið verður nánar um það í úthlutunarbréfi um byggingarréttinn. Markaðsverð byggingarréttarins verður metið þegar kemur að úthlutun lóðarinnar af tveimur löggiltum fasteignasölum sem Reykjavíkurborg og Búseti tilnefna.

Hrólfur Jónsson

Hjálagt:

Yfirlitsmynd af deiliskipulagsuppdrætti fyrir Bryggjuhverfi.

